

Hestamannafélagið Hörður  
Valdimar Kristinsson  
Varmárbökkum  
270 Mosfellsbær



Reykjavík, 4. júní 2014  
Tilvísun: UST20140400159/mik

**Efni: Beiðni um undanþágu á banni hrossabait innan friðlandsins við Varmárósa í Mosfellsbæ.**

Umhverfisstofnun vísar til erindis Valdimars Kristinssonar fyrir hönd beitarnefndar Hestamannafélagsins Harðar dags. 10. apríl sl. vegna beiðni um undanþágu á banni hrossabait innan friðlandsins við Varmárósa í Mosfellsbæ.

Varmárósar er friðland sbr. auglýsingu nr. 710/2012 í Stjórnartíðindum B. Markmiðið með friðlýsingu svæðisins er að vernda og viðhalda fitjasefi og búsvæði þess sem og náttúrulegu ástandi votlendis Varmárósa ásamt sérstöku gróðurfari sem þar er. Einnig er markmið með friðlýsingunni að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins með áherslu á plöntuna fitjasef, búsvæði hennar og votlendisins. Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að treysta útvistar-, rannsókna- og fræðslugildi svæðisins. Samkvæmt 4. gr. auglýsingarinnar er búfjárbeit, þ.m.t. hrossabait óheimil innan friðlandsins.

Hestamannafélagið Hörður hefur áður beðið um undanþágu til að beita hrossum í beitarhólf sem eru að stærstum hluta innan félagssvæðis félagsins og að hluta innan marka friðlandsins við Varmárósa. Umsókn um undanþágu dagsett 1. ágúst 2012 var hafnað á þeiri forsendu að Náttúrufræðistofnun Íslands treysti sér ekki til að mæla með því að hún yrði veitt í það skiptið. Síðan þá hefur Náttúrufræðistofnun gert úttekt á svæðinu. Í skýrslu stofnunarinnar segir m.a. að hverfandi líkur séu á að hrossabait á mörkum friðlandsins hafi áhrif á viðgang fitjasefsins. Á öðrum stað í skýrslunni er látið að því liggja að beit geti stuðlað að vexti og viðgangi þess. Einnig er fjallað um að stýrð beit geti verið árangursrík aðferð til að uppræta, fyrirbyggja vöxt eða draga úr landnámi nýrra óæskilegra og ágengra plantna. Á fundi sem haldinn var með Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar kom fram að allt fram til ársins 1980 var svæðið beitt reglulega af þáverandi landeigendum. Þrátt fyrir þá beit, áratugum saman, hafa votlendisplöntur lifað þar góðu lífi. Samkvæmt loftmynd í skýrslu Náttúrufræðistofnunar eru beitarhólfir ekki í votlendinu heldur 3-5 metrum hærra á uppfyllingarbökkum. Á þessum bökkum eru engar plöntur sem þurfa verndar við skv. því sem um getur í fyrrgreindri skýrslu. Hestamannafélagið sötti um á sínum tíma um að núverandi mörkum friðlandsins að sunnanverðu yrði breytt og heldur þeiri ósk til streitu, en þar sem ljóst má vera að slík aðgerð muni taka nokkurn tíma sækir félagið um undanþágu til beitar í hólfum félagsins sem muni

gilda frá 1. júní nk. þar til endanleg lausn finnst á því máli.

Heimild til að veita undanþágur frá reglum þeim sem gilda um friðlandið Varmárósa er ekki að finna í friðlýsingarskilmálum svæðisins né í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur því. að athuguðu máli, að stofnunin hafi ekki heimild til að veita Hestamannafélaginu Herði undanþágu frá banni við búfjárbeit á svæðinu. Umsókn um breytingu á friðlandsmörkum er til vinnslu hjá stofnuninni og verður haft samráð við Mosfellsbæ og umhverfis- og auðlindaráðuneytið um málið á næstu dögum.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 3. ml. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er heimilt að kæra ákvörðunina til umhverfis- og auðlindaráðherra.

Virðingarfyllst

Tíminn fóist.

Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

Þórdís V. Bragadóttir

Þórdís V. Bragadóttir  
Sérfræðingur